

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um ný eyðublöð undir verzlunar-skýrslur. (Ágrip). — Með brjefi þessu voru báðum amtmönnum send ný eyðublöð undir skýrslur um aðfluttar og útfluttar vörur, sniðin eptir þeirri breytingu, sem um ræðir í brjefi landshöfðingja 29. jan. þ. á. (Stj.tíð. 1895 B., bls. 9.), og var amtmönnum falið að brýna fyrir öllum lögreglustjórum, að hafa strangt eptirlit með því, að skýrslurnar verði nákvæmlega og samvirkusamlega út fylltar, bæði hvað snertir vörumagn og verðhæð hverrar einstakrar vörutegundar, svo og að þess verði gætt, að tilfæra rjettilega hvaðan vörurnar koma og hvert þær fara, en í því efni yrði að leggja vöruskrárnar (»Faktúrurnar«) til grundvallar. Enn fremur var lögreglustjórum falið að gefa gætur að því, að hver sá, sem annaðhvort fær vörur frá útlöndum eða sendir þangað vörur, hvort heldur er fyrir eiginn eða annara reikning (sbr. lög um hagfræðisskýrslur, 8. nóv. 1895, 5. gr.) gefi um það skýrslu, svo að eigi þurfi neitt að falla undan, þegar samin er aðalskýrsla um allan vöruflutning til og frá landinu, og loks var leitt athygli lögreglustjóra að því, að þeim ber sjálfum að rita embættislegt vottorð neðan á skýrslurnar að því er tollskyldar vörur snertir.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja viðvikjandi staðfesting og vígslu á utanþjóðkirkjupresti. 151
8. nóv.

Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. febr. þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað allraþegnsamlegasta bænaskrá með fylgiskjöllum, þar sem bændurnir Jón Bergsson á Egilssstöðum, Benedikt Rafnsson á Höfða og Oli Halldórsson á Keldhólum, sem fulltrúar fyrir nokkra menn í Vallanesprestakalli, er hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni, sækja um, að prestaskólakandidat Þorvarði Brynjólfssyni verði veitt konungleg staðfesting sem presti fyrir utanþjóðkirkjusöfnuð, er menn þessir hafi stofnað. Jafnframt þessu hafið þjer sent brjet frá biskupnum um málefni þetta ásamt brjefum frá prestinum í Vallanesprestakalli og prófastinum í Suður-Múlaprófastsdæmi, og leggur biskup til:

1. Að beiðni þessi verði ekki tekin til greina fyr en það sje nægilega sannað, að söfnuðurinn hafi fengið sjer kirkjubygging, er sje útbúin öllu því, er sje nauðsynlegt til venjulegrar guðspjónustu, og ekki sje notuð til neins annars.

2. Að kosning prestaskólakandidats Þorvarðar Brynjólfssonar hljóti allrahæsta staðfestingu, þegar fullnægt sje nýnefndu skilyrði.

3. Að starfssvæði hans sem prests sje ákveðið með föstum takmörkum samkvæmt því, er biskup nákvæmar tekur fram, og

4. Að honum leyfist að taka vígslu af biskupi landsins.

Þjer hafið með skýrskotun til biskupsbrjefsins lýst því yfir, að þjer sjeuð honum að öllu leyti samdóma.

Út af þessu skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg í heild sinni fellst á hina þrjá fyrstu liði af ofangreindum tillögum biskups, er þjer hafið samþykkt, þó þannig, að jeg verð að beiðast þess, að jafnframt því sem sönnur yrði færðar á það fyrir